

Mál nr. 7/2014

Ár 2014, miðvikudaginn 26. nóvember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr.7/2014

X

gegn

Z og Q

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 18. mars 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu (Z og Q) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkin XX við rakkann ZZ án þess að tíkin væri með gilda mjaðma- og augnskoðun við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 23. apríl 2014 og þeim gefinn andmælafrestur til 21. maí. Ekkert svar barst innan tilskilins frests og var kærðu send ítrekun með bréfi dags. 14. október þar sem þeim var gefinn viðbótarsvarfrestur til 21. október. Kærðu virtu ekki heldur viðbótarfrestinn og þar eð siðanefnd taldi að útséð væri um að kærðu myndu halda uppi vörnum í málinu né útskýra meint brot sitt þá var ákveðið að taka málið til úrskurðar byggt á þeim gögnum sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 3. mars 2014 var tíkin XX pöruð við rakkann ZZ. Hundarnir eru af kyninu Alaskan malamute og er tíkin í eigu kærðu. Við pörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð né gildar niðurstöður mjaðmamynnda. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærðu nýttu sér ekki andmælarétt sinn þrátt fyrir ítrekaðan framlengdan frest, né reyndu þau að útskýra á nokkurn hátt meint brot sitt.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið Alaskan malamute:

„Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða þeirra kunn fyrir pörun. (Gildir frá 01.03.2009).

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun undaneldishunda. (Gildir frá 01.03.2009). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann (Gildir frá 01.09.2012).“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað ca. 9. október 2013 hafði tíkin ekki gilt augnvottorð né gildar niðurstöður mjaðmamynnda en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Alaskan malamute skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 12 mánaða og niðurstöður skulu vera kunnar. Vottorð þessi eru áskilin við heilsufarsskoðun hundakynsins til þess að tryggt sé að hundarnir beri ekki með sér arfgenga sjúkdóma. Það breytir ekki brotinu að tíkin hafi til allra heilla staðist skoðun eftirá, það gátu kærðu ekki sé fyrir. Hafa kærðu því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ .

Þá liggur það fyrir að kærðu hafa áður sætt kæru og fengið áminningu fyrir brot af sama tagi, en þá vantaði gilt augnvottorð við pörun. Kærðu sæta því áminningu öðru sinni.

IV. Niðurstaða

Kærðu Z og Q teljast hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærðu eru áminnt öðru sinni.

f.h siðanefndar

Anna María Flygenring

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir